FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Íslenska með áherslu á dægurmenningu
Námsgrein:	íslenska
Viðfangsefni:	Dægurmenning
Skammstöfun:	ÍSLE1DÆ04
Þrep:	1
Einingafjöldi:	4
Lýsing:	Í áfanganum er lögð áhersla á íslenska dægurmenningu s.s. íslenskar kvikmyndir, sjónvarps- og útvarpsþætti, hlaðvörp og leikrit. Farið verður yfir helstu atriði íslenskrar dægurmenningar frá upphafi og fram að okkar dögum. Kynnt verða íslenskar kvikmyndir og sjónvarpsþættir. Áhersla er lögð á þjálfun í lestri, ritun, tjáningu og málnotkun á fjölbreyttan hátt. Lögð verður áhersla á sjálfstæð vinnubrögð auk samvinnu nemenda. Nemendur nýti sér viðeigandi hjálpargögn og lestrarleið við hæfi hvers og eins.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • helstu þáttum íslenskrar dægurmenningar • tengslum dægurmenningar við breytingar á samfélaginu • hvert er hægt að fara í leikhús/kvikmyndasýningar • hvar er hægt að nálgast upplýsingar um leikhússýningar/kvikmyndasýningar • mismunandi hjálpargögnum til lesturs og ritunar.
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • beita þekkingu sinni í umræðu um efni áfangans • greina innihald og boðskap í leikhúsverkum/kvikmyndum • gera grein fyrir upplifun sinni • skrifa kvikmyndarýni • nýta sér hjálpargögn við námið.
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • greina innihald og söguþráð • mynda sér skoðun á leiksýningum/kvikmyndum • taka þátt í umræðum á gagnrýnin hátt • hlusta á sjónarmið annarra af víðsýni • gera sér grein fyrir að saga leikhúss og kvikmynda eru hluti af menningararfi Íslendinga • nýta þá tækni sem auðveldar námið.

Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.